

## Frá ritstjórum

Þrettánda útgáfuár *Íslenska þjóðfélagsins* – tímarits Félagsfræðingafélags Íslands líður senn í aldanna skaut. Uppskera ársins var góð og COVID-frestaður en vel heppnaður Félagsfræðidagur í upphafi árs var tileinkaður tímaritinu. Ritstjórnarnir Guðmundur Oddsson og Margrét Valdimarsdóttir klára fyrsta tveggja ára skipunartíma sinn nú um áramótin og munu sitja áfram næstu tvö ár. Sóllilja Bjarnadóttir hefur gegnt starfi aðstoðarritstjóra síðustu tvö ár og mun gera það áfram á nýju ári.

Sjö greinar birtust í þessum árgangi *Íslenska þjóðfélagsins*. Tímaritinu bárust 11 handrit til umsagnar á árinu. Þremur var hafnað af ritstjórum, sjö fóru í ritryni og eitt er enn í ferli. Sem fyrr eru birtar greinar þessa árs fjölbreyttar. Þær hverfast annars vegar um heilbrigðiskerfið og margþætt áhrif COVID-19 faraldursins og hins vegar um menntakerfið með áherslu á félagslegan bakgrunn og mótun sjálfins hjá framhaldsskólanemum og skólaþjónustu sveitarfélaga (þ.e. stuðningur við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra). Aukinheldur birtist grein um viðhorf ungra kvenna til barneigna sem tekst á við viðfangsefni á borð við foreldrahlutverk, kynjajafnrétti og fæðingartíðni í víðu samhengi.

Í fyrstu grein ársins „Óhefðbundin heilbrigðisþjónusta: „að læðast inn bakdyra- megin““ greinir höfundurinn Sveinn Guðmundsson frá rannsókn sinni á stöðu óhefðbundinnar heilbrigðisþjónustu í tengslum við opinbera heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Rannsóknin byggir m.a. á viðtölum við hjúkrunarfræðinga og þátttökuathugunum þar sem litið er til reynslu hjúkrunarfræðinga af því að vinna með óhefðbundnar eða viðbótarmeðferðir. Greinin „Vægi fjárhagsþrenginga í áhættu á þunglyndiseinkennum hjá launafólki á Íslandi á tímum kórónuveirunnar“ eftir Margréti Einarsdóttur, Kolbein Hólmar Stefánsson og Kristínu Hebu Gísladóttur byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir launafólk sem tilheyrir aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Niðurstöður sýna að líkur á þunglyndi aukast eftir því sem félags- og efnahagsleg staða er verri og benda til verulegs félags- og efnahagslegs ójafnaðar hélendis í þunglyndiseinkennum launafólks á tímum COVID-19.

Guðný Björk Eydal, Ingólfur V. Gíslason og Tómas Björn Bjarnason eru einnig á kórónaslóðum í grein sinni „Breytingar á verkaskipinu á heimili meðal starfandi feðra og mæðra í fyrstu bylgju COVID-19“. Í rannsókninni sem greinin byggir á eru áhrif farsóttarinnar á verkaskiptingu starfandi foreldra í sambúð skoðuð hvað varðar umönnun, heimilisstörf og samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar. Í greininni „Límdu saman heiminn minn: Ábyrgð stjórnvalda á að tryggja börnum og ungmönnum velferðarþjónustu“ eftir Ragný Þóra Guðjohnsen og Telma Tórshamar skoða höfundar með viðtölum við ungt fólk í vímuefnavanda sýn þeirra á eigin neyslu og þá velferðarþjónustu sem þeim hefur staðið til boða frá barnsaldri.

Greinin „Skólaþjónusta sveitarfélaga við nemendur og foreldra: Stefna, skipulag og inntak“ eftir Hermínu Gunnþórsdóttur, Rúnar Sigþórsson, Jórinni Elíadóttur, Birnu Maríu B. Svanbjörnsdóttur og Sigríði Margréti Sigurðardóttir beinir sjónum að stuðningi við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra. Rannsóknin byggir á spurningakönnun til skólastjóra leik- og grunnskóla og forsvarsaðila skólaþjónustu, viðtölum við forsvarsaðila skólaþjónustu í fimm tilvikum og greiningu á stefnuskjölum á vefjum sveitarfélaganna. Greinin „Mótun verðuga sjálfsins í menntaskólanum“ eftir Berglindi Rós Magnúsdóttur og Unni Eddu Garðarsdóttur tengist einnig menntakerfinu, nánar tiltekið framhaldsskólanemum. Í rannsókninni greina höfundar þau félagslegu og tilfinningalegu átök sem framhaldsskólanemar upplifa þegar þau ganga í menntaskóla sem þau hafa lært að sé bæði merkilegri og finni en þeir staðir sem þau hafa fram að því alið manninn á. Rannsóknin byggir á djúpvíðtölum við 48 stúdentsefni í framhaldsskólum hérlendis.

Að lokum birtist greinin „Manni líður eins og maður sé alltaf að stara í ginið á ljóninu: Viðhorf ungra kvenna til barneigna“ eftir Sunnu Símonardóttur og Hlédísi Maren Guðmundsdóttur. Í rannsókninni nota höfundar rýnihópa og einstaklingsviðtöl við konur á aldrinum 25 til 30 ára til að greina viðhorf ungra kvenna til barneigna. Niðurstöður benda til þess að ungar konur eigi erfitt með að sjá fyrir sér hvernig þær geti uppfyllt vaxandi kröfur um „ákafa“ mæðrun í samfélagi sem einkennist af lífsgæðakapplaupi, einstaklingshyggju og yfirvofandi loftslagsvá.

*Íslenska þjóðfélagið* er á góðri siglingu um þessar mundir og finnur ritstjórn fyrir miklum áhuga á tímaritinu. Til stendur að halda málþing á vordögum í tengslum við birtar greinar ársins 2022. Uppfærsla vefsíðu tímaritsins stendur enn yfir en vonir standa til þess að henni ljúki 2023. Ritstjórar hvetja lesendur til að fylgjast vel með uppfærðu tímariti og halda áfram að senda inn handrit.

Ritstjórar *Íslenska þjóðfélagsins*,  
Guðmundur Oddsson og Margrét Valdimarsdóttir.